

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á auglýsingu nr. 620/2008 um takmarkanir við flutningi sláturfjár innan og milli sauðfjárveikivarnarsvæða.

1. gr.

1. töluliður 1. gr. verður svohljóðandi:

1. Óheimilt er að flytja til slátrunar á Hornafirði fullorðið fé af svæðum norðan Hamarsár. Sama gildir um fullorðið fé úr varnarhólfum vestan Þjórsár.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í lögum nr. 25 7. apríl 1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 2009.

F. h. r.

Kristinn Hugason.

Arnór Snæbjörnsson.